



BLÖNDUÓSSBÆR

KT: 470169 - 1769 • SÍMI: 455 4700 • FAX: 455 4701 • 540 BLÖNDUÓSI

Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Blönduósi 19. janúar 2012

EFNI: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2011/2012

Vísað er til bréfs, dags. 21. desember sl., þar sem upplýst er að 132 þorskígildistönn hafi fallið í hlut Blönduósbæjar. Jafnframt er vakin athygli á því að ef vilji sveitarstjórnar sé að setja sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðalaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 1182/2011, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012.

Með hliðsjón af 2. gr. sbr. einnig 3. gr. vill Blönduósbær gera eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 1182/2012, en að öðru leyti gildir reglugerðin um úthlutun byggðakvóta.

- a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: „Skipta skal þriðjungi 1/3 úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 1/3 skal úthlutað til fiskiskipa sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum á innhafsrækju í Húnaflóa og 1/3 sem verði skipt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, í hlutfalli við landaðan afla hlutaðeigandi fiskisksips, í þorskígildum talið, á Blönduósi eða Skagaströnd, á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011.“
- b) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: „Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan Blönduós afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað.“



BLÖNDUÓSSBÆR

KT: 470169 - 1769 • SÍMI: 455 4700 • FAX: 455 4701 • 540 BLÖNDUÓSI


Rökstuðningur:

Markmið byggðkvótans er að stuðla að atvinnu í sjávarútvegi í þeim byggðum sem lent hafi í vanda í sjávarútvegi, einkum í gegnum fiskvinnslu. Á Blönduósi hefur byggðakvótinn verið á höndum fárra aðila. Erfitt hefur verið fyrir aðila í byggðarlaginu að sækja um byggðakvóta vegna þeirra takmarkana sem tilgreind eru í reglugerð. Leiguverð á kvóta hefur verið hátt og auk þess takmarkað framboð sem hefur gert minni aðilum erfitt um vik að afla sér kvóta á móti byggðakvótanum. Með ofangreindum breytingum á reglugerðinni um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012, leitast sveitarfélagið Blönduósbær við að greiða fyrir því að áhugasamir aðilar geti haslað sér völl við fiskveiðar. Í sveitarféluginu er rekin öflug fiskvinnsla enda er skýr áskilnaður um að fiskiskipum sé skylt að landa byggðakvótanum á svæðinu.

Með auknu atvinnuleysi og þeim efnahagsþrengingum sem uppi eru er það vilji bæjarráðs Blönduósbæjar að gefa fleirum kost á að veiða byggðakvóta. Að teknu tilliti til framangreinds og atvinnu- og byggðasjónarmiða er það vilji sveitarstjórnarmanna að gera ofangreinda breytingu á reglugerð nr. 1182/2011.

Með hliðsjón af 2. gr. reglugerðar nr. 1182/2011, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012 óskar bæjarráð Blönduósbæjar eftir því við ráðherra að hann heimili þær breytingar sem að ofan greinir.

Ofangreint var samþykkt á fundi bæjarráðs þann 18. janúar 2012. Jafnframt var eftirfarandi bókað í fundargerð bæjarráðs: „*Jafnframt hvetur bæjarráð Blönduósbæjar til þess að fiskvinnslum verði gert kleift að skipta á byggðakvótaafla þannig að þær fái jafn mörg þorskigildistönn á móti þeim afla sem landað er í tegundum sem hentugri eru fyrir viðkomandi fiskvinnslu.*“

Vinnungarfyllst,

Arnar Pór Sævarsson
Bæjarstjóri Blönduósbæjar